

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Líknar- og minningarsjóð um hjónin Kristjönu Pálinu Kristjánsdóttur og Halldór Þorsteinsson frá Vörum, Garði, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 12. desember 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknar- og minningarsjóð um hjónin Kristjönu Pálinu Kristjánsdóttur og Halldór Þorsteinsson frá Vörum, Garði.

1. gr.

Sjóðurinn er til minningar um hjónin Kristjönu Pálinu Kristjánsdóttur f. 2. nóvember 1886 d. 1. ágúst 1975 og Halldór Þorsteinsson f. 22. febrúar 1887 d. 3. janúar 1980 frá Vörum í Garði.

2. gr.

Sjóðinn stofna hjónin Steinunn Sigurðardóttir og Vilhjálmur Halldórsson frá Brekku í Garði. Stofnfé skal vera kr. 300 000,00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ættingja hjónanna frá Brekku, sem eru þá líka ættingjar hjónanna frá Vörum, vegna erfiðleika. Upphæð styrkja og fyrirkomulag styrkveitinga ákveður stjórn sjóðsins hverju sinni. Aldrei skal veita hærri styrk, en svo að eftir standi raunvirði stofnfjár sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum. Í fyrstu stjórn eru: Kristjana Vilhjálmsdóttir, Garðbraut 47, Garði, formaður, tveir meðstjórnendur tilnefndir af formanni, þær Steinunn Vilhjálmsdóttir, Bröttugötu 24, Vestmannaeyjum og Stefanía Vilhjálmsdóttir, Merkur götu 2, Hafnarfirði. Við val stjórnar skal þess ávallt gætt, að í henni verði einungis ættingjar hjónanna frá Brekku, eða löglegir makar þeirra. Verði því einhverntíma ekki við komið, getur stjórn sjóðsins tilnefnt einhverja sem hún telur hæfa.

5. gr.

Stjórn sjóðsins velur sér jafnmarga varamenn úr þeim hópi ættmenna og/eða venslafólks, sem fyrr greinir sbr. 4. gr. Tilnefning varamanns skal samþykkt af öllum stjórnarmönnum með formlegri, staðfastri bókun, svo gild sé. Stjórnin getur breytt eða skipt um varastjórn hvenær sem hún kys.

6. gr.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt, í verðtryggðum bankareikningum, verðbréfum, fasteignum eða á annan hátt, sem stjórn sjóðsins telur hagkvæmastan á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins skal árlega gera rekstrar- og efnahagsreikning fyrir sjóðinn. Og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum, áheutum og öðrum slíkum gjöfum, sem einstaklingar og félög fyrr og síðar vilja leggja fram. Allt það fé leggst við höfuðstól sjóðsins sem stofnfé. Breytingar á skipulagsskrá þessari eru leyfilegar, ef stjórn sjóðsins og varamenn hennar eru allir sammála um þær. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Útskálakirkju.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.